

Skólaráðsfundur 17.10.15

Opinn skólaráðsfundur í miðrymi skólans. Mættir: Svandís Egilsdóttir skólastjóri, Hólmfríður Lúðvíksdóttir fulltrúi kennara, Irena Boiko fulltrúi leikskólaforeldra, Jóna Björg Sveinsdóttir fulltrúi kennara, Freyja Jónsdóttir fulltrúi foreldra, Nanna Olga Jónsdóttir fulltrúi nemenda, Jóhanna Óladóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Þorsteinn Kristjánsson fulltrúi grendarsamfélagsins og Bóas Jakobsson fulltrúi nemenda mættu ekki. Fyrir utan ráðið sátu 5 einstaklingar fundinn.

1. Nýskipað skólaráð kemur saman. Nú hefur verið skipað í skólaráðið eftir lögum og reglum, en hingað til hefur grunnskólinn verið á undanþágu hvað þetta varðar, þar af leiðandi eru fleiri einstaklingar í því en áður. Jóhanna Óladóttir og Nanna Olga Jónsdóttir koma nýjar inn ásamt Hólmfríði sem kemur inn sem fulltrúi kennara. Svandís útskýrði hlutverk nemenda í skólaráði og ítrekaði hlutverk og skyldur einstaklinganna í ráðinu. Hlutverk skólastjóra sé í raun að stýra fundum en nauðsynlegt að aðrir tjái skoðanir sínar. Trúnaðarupplýsingar haldist innan þessa hóps en ekki er venja að þannig málefni komi upp á þessum fundum.

2. Svandís las upp hverjir eru í skólaráði en það eru Svandís Egilsdóttir skólastjóri, fulltrúar kennara eru það Jóna Björg Sveinsdóttir og Hólmfríður Jóhanna Lúðvíksdóttir, fulltrúar nemenda eru Bóas Jakobsson og Nanna Olga Jónsdóttir, fulltrúar foreldra Irena Boiko og Freyja Jónsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks er Jóhanna Óladóttir og fulltrúi grendarsamfélagsins er Þorsteinn Kristjánsson. Fundargerðir eru settar inn á heimasíðu skólans. Í fyrra var fundað stift en þá vorum við að fara yfir gátlista vegna heilsueflandi skóla. Trúlega verða færri fundir þetta skólaár.

3. Svandís las upp fundargerð síðasta fundar.

4. Formaður nemendaráðs Bóas Jakobsson er forfallaður svo Hólmfríður les upp ályktun frá nemendum varðandi þætti er þarfnast annars vegar úrbóta og hins vegar er ánægja með :

Vantar kastala eða eitthvað slíkt handa nemendum, fleiri tölvur, fleiri heyrnatól og minnt á að prenta báðum megin á blöð.

Jákvæðir þættir.: ánægja með starfsfólk og kennara, góður matur í mötuneytinu og tölvubúnaður hefur lagast mikið síðasta árið.

4. Skólastarfið í vetur. Mikil fækkun á nemendum í haust setti strik í reikninginn hvað varðar starfshlutfall og mögulega verður sett sú krafa að fækka verði kennslustundum. Ræddar hugmyndir og viðbrögð fundarmanna þessu tengt.

5. Fyrirspurn varðandi yfirvofandi fækkun barna á leikskólanum næsta skólaár og þá staðreynd að í bókun hreppsnefndar stendur að leikskóli skuli rekinn svo fremi að fjögur börn séu vistuð á leikskólanum. Þetta rætt og fundarmenn sammála því að leikskóli sé búsetumál og nauðsyn ef laða á fólk til Borgarfjarðar.

Heilsueflandi skóli. Frestað til næsta fundar að tala um þau atriði sem að taka á fyrir varðandi heilsueflandi skóla þetta skólaár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.

Jóna Björg ritaði